

MINKUR SEM FRAMANDI LÍFVERA Í ÍSLENSKU VISTKERFI

Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands

Óhætt er að fullyrða að minkur (*Mustela vison*) er eitt óvinsælasta dýr landsins. Stafar það líklega fyrst og fremst af því tjóni sem margir telja hann hafa valdið á íslensku lífríki. Engar rannsóknir hafa farið fram á áhrifum minksins á bráð á Íslandi en í þessu erindi verður gefið yfirlit um hugsanleg áhrif hans á valdar fuglategundir ásamt umfjöllun um afrán minks á seiðum laxfiska. Þetta verður gert út frá fyrirliggjandi upplýsingum, íslenskum og erlendum, um líffræði minks og útbreiðslu, ásamt breytingum sem orðið hafa í stofnum fugla.

Um fugla má almennt segja að tegundir sem verpa í þéttum byggðum, sem aðgengilegar eru fyrir mink, séu viðkvæmistar fyrir afráni hans. Þær íslensku tegundir sem oftast eru nefndar í sambandi við skaðleg áhrif minksins eru keldusvín, æðarfugl, teista og flórgoði, auk ýmissa annarra votlendisfugla. Líklegt er að útdauði keldusvínssins á Íslandi hafi aðallega komið til vegna minks og framræslu votlendis. Minkur hefur sennilega ekki haft áhrif á fjölda æðarfugls en tilkoma hans virðist þó hafa breytt varpútbreiðslu, líkt og hjá öðrum öndum. Teistum hefur fækkað mjög við Norðaustur-Atlantshafið á síðustu áratugum. Minkur skýrir tæplega þá fækkun á öllum svæðum en margt bendir til þess að hann hafi átt þátt í fækkuninni hérlandis. Aukin netaveiði, sérstaklega vegna grásleppuveiða, gæti þó einnig hafa haft neikvæð áhrif. Flórgoða fækkaði mjög á síðustu öld. Minkurinn hefur væntanlega komið þar við sögu en ekki er hægt að skilja þau áhrif frá eyðileggingu búsvæða, truflun af mannavöldum og netaveiði.

Ýmsir hafa áhyggjur af þeim áhrifum sem minkur kann að hafa á fiska í ám og vötnum. Minkar éta þó mjög lítið af veiðanlegum fiski en takar næra eingöngu fisk innan við 15 cm að lengd og veiða mjög sjaldan fiska lengri en 30 cm. Áhrif minks eru því líklega lítil í stærri ám og vötnum. Hins vegar gætu þeir haft veruleg staðbundin áhrif í smærri lækjum.

Minkur er ósérhæfður í fæðuvali og virðist éta það sem mest er af hverju sinni og/eða er aðgengilegast. Þetta þýðir að þótt hann valdi fækkun í ákveðnum stofni er í flestum tilfellum ólíklegt að hann útrými honum því líkurnar á að veiða dýr úr þeim stofni minnka eftir því sem eftirlifandi dýrum fækkar.

Áhrif minksins á íslenskt lífríki eru lítt þekkt enda ekkert rannsökuð. Kanna þarf stofnstærð minksins, áhrif veiða á stofninn og gera beinar athuganir á afráni hans.